

Fundur 3.11.2025 Virginia Giuffre frá Ástralíu, dó í apríl 2025.

Góða kvöldið.

*Gott kvöld.*

Má ég tala til ykkar ?

*Já gjörðu svo vel.*

Takk fyrir, ég hef ekki átt það alltaf auðvelt og skil ekki allt sem gerist hér á minni nýju jörð, en er mjög þakklát þeim sem á mál mitt hlýða.

Og hef frá ýmsu að segja og var mér sagt að mikilvægt væri að ég kæmist í samband við gömlu jörðina og sömuleiðis alla þá sem leggja trúnað á það sem ég segi.

Þar sem aðstæður eru slíkar á þessum hnetti, að er mér sagt, að hætta sé á því að ég komist ekki í sambandið aftur í bráð, eða að ég muni eftir atvikum úr lífi mínu, og vona ég að ég geti útskýrt það hér á eftir í sambandi þessu.

Hef ég vissulega hlustað með athygli á það sem fram fer á þessum fundum, og er ég svo nokkuð nýlega komin á þessa jörð, en hefur þetta allt verið mér slíkt undrunarefni að segja má að ég hafi lokað mig af og ekki trúað neinu í fyrstu, en hef ég þó áttað mig og tekið ráðleggingum.

Og hef ég ferðast nokkuð um þennan hnött og er nú farin að trúa eigin augum og eyrum og fagna yfir umskiptunum, en er ég þó kvíðin um leið þar sem mér eru ljósar hættur af því að ég missi minnið og geti ekki sagt frá því sem fyrir mig hefur komið.

Og vil ég því endilega segja öllum frá því, og ekki síst fólkinu á gömlu jörðinni, og var mér sagt að hreyfing sú sem ég tók þátt í, á mínum síðustu árum á jörðinni gömlu, sé í hættu að þagga hana niður.

Er ég innilega þakklát ykkur fyrir að taka á móti mér, og vona ég að þið trúið því sem ég segi, og hefur mér verið sagt að sterk öfl séu að vinna gegn þeirri hreyfingu, og sé það tvísýnt með gömlu jörðina í þeim efnum.

Og voru svo mörg undrunarefnin sem mættu mér á þessari jörð, að ég fylltist af vonleysi stundum og hef ég átt í mestu erfiðleikum að ná orku minni, til að tala við ykkur og aðra, og lýsa þessu í smáatriðum.

Og er ég á sama tíma innilega ánægð, þakklát, í sjöunda himni að vera komin í heilbrigðan líkama og ung aftur, en boðskapur minn má ekki glatast og lýsingar mínar á því hvað gerðist áður en ég fór af jörðinni.

Og gerðist svo margt á stuttum tíma, og var mér ekki trúað í heimalandi mínu, og orka mín er ekki mikil og fyrir það fyrsta framdi ég ekki sjálfsmorð, heldur var það morð.

Og í annan stað verð ég að segja að slysið var ekki tilviljun, heldur fyrirsát og það er reynt að láta mig ekki tala, ég hef líka óvini hér á þessum hnetti, ég komst í kynni við fólk sem er líkt þenkjandi og ég, og styrkir það mig, og er ég því innilega þakklát, en það eru færri en á gömlu jörðinni.

Og voru mér sagðar sögur, að fólk sem hefði upplifað sömu reynslu og ég á þessari jörð, yrði að taka þátt í lífsbaráttunni, og lítið gert úr lífsreynslunni og áföllunum, og með tímanum fari það fólk að þegja og gleymi sögum sínum og komi ekki í sambandið.

Og var mér þá sagt að ég verði að segja frá þessu eins fljótt og ég gæti og meðan ég man þetta skýrt.

Og það eru kallaðar samsæriskenningar og þið þekkið kannski nafn mitt, það hjálpar mér svo mikið, að mál þessi hafa verið mikið í fréttunum, og var mér sagt að það væri einstakt tækifæri að ná sambandi við gömlu jörðina, áður en þetta gleymist, og lýsa minni hlið á málunum, eins og ég gerði eftir slysið, en

*Varst þú ekki tengd í Englandi ?*

Já tengt Englandi,

*Ert þú Díana ?*

Nei ekki er ég Díana, nei ég er vissulega tengd konungsfjölskyldunni, ég þakka konunginum fyrir hans viðbrögð og er honum innilega þakklát, Virginia Giuffre.

*Já Virginia Giuffre ?*

Já,

*Er ekki ýmislegt jákvætt fyrir þig sem þú getur byggt á, að miklu leiti ?*

Jákvætt, jú fæ stuðning og það hjálpar mér, en það er stéttarskipting hér á þessari jörð og hestvagnar.

Ég vil þakka konunginum fyrir hans stuðning og er ég honum innilega þakklát og finnst mér ástandið á ykkar jörð vera að batna og skilningurinn á reynslusögum kvenna sem lenda í þessu.

Og var mér sagt að þið væruð fyrsti hópurinn á jörðinni sem ekki efast um að við erum líkamleg í framlífi, en ekki andar og sagt að það gerði mér auðveldara fyrir.

En já jákvætt segir þú, já ég var svo bjartsýn og taldi að líf mitt væri að komast á réttan skrið, þegar skilnaðurinn var að ganga í garð, en þá lenti ég í slysinu, og höfðu samband við mig menn út í heimi og fólk með samsæriskenningar.

Og setti þetta í nýtt ljós og bókin sem var skrifuð, var ekki nákvæmlega eins og ég skilaði henni af mér, og eru það öflugir Demókratar og Ísraelsmenn með aðra útgáfu af sannleikanum, það voru margir aðrir sem ég nefndi sem komu ekki fram í þeirri bók sem kom út, og þaggað niður í mér.

Var mér talin trú um að ég hefði slasast svo mikið að ég yrði að fremja sjálsmorð, en þó var það ekki sjálsmorð, þori ekki að fara meira út í það, mér er líka hótad hér.

En hér eru margir góðir sem reynast mér vel, og hestvagnar, gamla drottningin Elísabet og já já þakklát syni hennar, en bróðir hans fór ekki vel með mig.

Og maðurinn minn ofbeldishneigður og átti þátt í því að ráða mig af dögum,

*Var Epstein maðurinn þinn ?*

Nei ekki alveg, tengd, vann fyrir hann já já, en það var þannig að hann var svo róandi, rómantískur og ljúfur og maðurinn þóttist ætla að bjarga mér frá Epstein, og það var hamingjuríkt hjónaband lengi vel, en kom svo að því að hann var einnig í slíku makki og beitti mig ofbeldi síðar meir í hjónabandinu.

En uppljóstraði þessu og hef fengið stuðning, en þá kemur ógnin, en ég vona að þessi feminista hreyfing muni eflast á jörðinni.

Það er bara réttlæti að fólk trúir því sem konur lenda í, og ég hélt að það væri eðlilegt fyrstu árin, en full kunni ekki vel við það, fékk svo mikla sjálfstyrkingu og stofnaði þessi samtök og það má ekki fara út um þúfur.

Hér eru gamlar húsarústir af musturum og búið er að rífa mörg svona musteri var mér sagt, og ekki allir sem, heppinn að geta haldið þessa fundi, elítan vill halda því fyrir sig og getur svifið, en það er mikil stéttarskipting.

Verð ég nú að kveðja ykkur, þakka ég kærlega fyrir mig og óska ykkur alls hins besta og finn að þið eruð gott fólk og vonandi trúði mér, en

*Við trúum þér.*

Takk fyrir, vona að ég eflist hér í framlífi og hópur þessi verði fjölmennari hér á minni framlífs jörð.

Og kannski get ég komið síðar og sagt frá því, þakka ég kærlega fyrir mig og allan þann stuðning sem ég fæ.

*Við óskum þér alls hins besta.*

Þakka þér fyrir.

*Gangi þér vel í þinni baráttu.*

Já, en

*Ég trúi því að þarna sé eitthvað jákvætt sem þú getur byggt á og styrkt þig.*

Já takk kærlega, ég reyni að koma síðar, verið þið sælir og takk fyrir.

*Vertu sæl Virginia og þetta verður allt skráð niður.*

Gott fólk á Íslandi vonandi og í mínu heimalandi Ástralíu, verið þið sæl.

*Já þakka þér fyrir og sæl.*